

Útboð á tíðniheimildum fyrir farsímakerfi á 450 MHz

Fundargerð

Fundur til opunar tilboða, haldinn á skrifstofu Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík þann 7. maí 2007 kl. 11:00.

Mættir eru f.h. Póst- og fjarskiptastofnunar: Björn Geirsson, Guðmundur Ólafsson og Hrafnkell V. Gíslason

f.h. Nordisk Mobil Ísland: Hallmundur Albertsson, Guðjón Jónsson, Gylfi Már Jónsson og Sigurgeir Gunnarsson

1 tilboð barst og var það frá Nordisk Mobil Ísland ehf., NMÍ.

Lesnar voru upp upplýsingar á tilboðsblaði skv. Viðauka 1 í útboðslýsingu, þar sem fram koma skuldbindingar umsækjenda umfram lágmarkskröfur.

Skuldbindingar umfram lágmarkskröfur	N M Í
---	--------------

Útbreiðsla:

Útbreiðsla á landi, lágmark 90%	91
Útbreiðsla á sjó, lágmark 135.000 km ²	140.000

Gagnaflutninghraði:

Samanlagt flatarmál svæða B (km ²)	163.700
Samanlagt flatarmál svæða C (km ²)	93.700
Samtals B og C (km ²)	257.400

Opinn aðgangur á jafnræðisgrundvelli:

Já / Nei	Já
----------	----

Notendabúnaður á markaði

Áætlaður fjöldi framleiðenda næstu 12 mán	15
Áætlaður fjöldi mismunandi tegunda notendabúnaðar næstu 12 mán	> 100

Áfangar og uppbyggingahraði

1. júní 2008 fjöldi móðurstöðva utan þéttbýlis (lágmark 10)	50
Fullri útbreiðslu náð (dagsetning) (eigi síðar en 1. október 2008)	1. okt 2008
Allt tíðnisviðið í notkun (dagsetning) (eigi síðar en 1. febrúar 2009)	7. jan 2009
Full þjónusta (dagsetning) (eigi síðar en 1. mars 2009)	7. jan 2009

Einnig barst inn á fundinn bréf frá Nova ehf, þar sem minnt var á að fyrirtækið hefði gert alvarlegar athugasemdir við drög að útboðsskilmálum og að PFS hefði ekki tekið tillit til þeirra. Því áskilji Nova ehf sér rétt til að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi afgreiðslu á tíðnileyfi á 450 MHz sviði, ef yfirvöld tryggja ekki eðlilega samkeppnisstöðu á þessum markaði.

Póst- og fjarskiptastofnun mun yfirfara tilboðið og sannreyna hvort það uppfylli alla skilmála í úboðslýsingu.

Viðstöddum er kynnt bókun fundargerðar sem engar athugasemdir eru gerðar við.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:17